

Pétur Ingi Haraldsson

From: Birna Björk Árnadóttir <birna@skipulag.is>
Sent: mánudagur, 14. september 2020 15:01
To: Pétur Ingi Haraldsson
Cc: Sigríður Björk Jónsdóttir
Subject: RE: 2016040101 - Fyrirspurn um aðalskipulag

Categories: Vistað í OneCRM
One: -1

Sæll Pétur Ingi,

Varðandi spurningar þínar um samræmi við stefnu aðalskipulagsins:

Spurning 1. Hvað varðar ÍB18, sem er að mestu óbyggt, þá leggjum við til að farið verði í aðalskipulagsbreytingu þar sem áætluð skipting mismunandi húsagerða er annað hvort felld út eða skiptingunni hreinlega breytt miðað við núverandi áform með viðeigandi skýringum /rökstuðningi. Varðandi ÍB17 þá fela áformin í sér talsverða þéttingu, þ.e. 5 lítil fjölbýlishús en í skipulagsákvæðum fyrir reitinn er ekkert sem gefur til kynna hvort og hverskonar uppbygging sé fyrirhuguð, annað en að deiliskipulag sé í vinnslu. Sérstaklega er tekið fram að að gerðar séu „minniháttar“ breytingar á reitnum. Skipulagsstofnun leggur til að farið verði í aðalskipulagsbreytingu þar sem sett er fram stefna fyrir reitinn s.s um yfirbragð og fjöldi íbúða. Á nánast óbyggðum reit sbr. ÍB18 má gera ráð fyrir að aðalskipulagsbreytingin geti talist óveruleg en það er spurning hvort það geti átt við um fyrirkomulag og þéttleika byggðat á ÍB17 þar sem fyrir er smágerð íbúðarbyggð eins og segir í skipulagsákvæðum. Þar er vissulega búið að breyta deiliskipulagi nokkrum sinnum og reisa tvö stór fjölbýli en eftir stendur að skipulagsákvæði aðalskipulagsins eru býsna óljós.

Spurning 2. Gatnamót Kossanesbrautar. Skipulagsstofnun er sammála afstöðu Akureyrarbæjar um að ekki sé talin þörf á aðalskipulagsbreytingu.

Kveðja, Birna Björk Árnadóttir

Birna Björk Árnadóttir

Sviðsstjóri, svið aðalskipulags / Division Head, Municipal Planning
Skipulagsstofnun - National Planning Agency
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland
sími 595 4100
birna@skipulag.is
www.skipulag.is
www.facebook.com/skipulagsstofnun

From: Pétur Ingi Haraldsson <peturingi@akureyri.is>

Sent: fimmtudagur, 10. september 2020 12:25

To: Skipulagsstofnun <skipulag@skipulag.is>

Subject: 2016040101 - Fyrirspurn um aðalskipulag

Góðan dag,

Meðfylgjandi er fyrirspurn til Skipulagsstofnunar varðandi samræmi deiliskipulags sem er í vinnslu við gildandi aðalskipulag Akureyrar.

Hér er hlekkur á uppfærðan aðalskipulagsuppdrátt

https://www.akureyri.is/static/files/Skipulagsdeild/Adalskipulagid/ASAK_2018_2030/asak.pdf

Greinargerð

https://www.akureyri.is/static/files/Skipulagsdeild/Adalskipulagid/ASK2018-2013/Samthykkt_skipulagsgogn/adalskipulag-akureyrar-2018-2030-greinargerð.pdf

Með kveðju,

Pétur Ingi Haraldsson

Sviðsstjóri

Skipulagssvið

Geislagata 9, 600 Akureyri

Sími/teleph.: (354) 460 1000

peturingi@akureyri.is

<https://www.akureyri.is/>



[Fyrirvari um tölvupóst / Email disclaimer](#)